

**458. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 11. september 2013
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) formaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

1. Varaoddviti (BG) kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Varaoddviti lýsti fundinn lögmætan. Gengið til dagskrár.
2. Fjarverandi Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir í h.s. Guðni Ólafsson.
3. Fyrir liggur dagskrárbreytingartillaga, að liður númer 9. í auglýstri dagskrá færist niður undir liði, Til kynningar, og verð númer 19.
Einnig að inn komi nýr liður 18, Samningur um tryggingar, og færast aðrir liðir upp sem því nemur.

Dagskrá:

1. **1309011 - Samband íslenskra sveitarfélaga. 806. fundur 31. maí.**
Til kynningar.
2. **1309010 - Samband íslenskra sveitarfélaga. 805 fundur 19. apríl.**
Til kynningar.
3. **1309012 - Samband íslenskra sveitarfélaga. 807. fundur 27. júní.**
Til kynningar.
4. **1307008F - Fjallskilanevnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar - 1**
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.
5. **1308007F - Fjallskilanevnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar - 2**
Liður 1. Í fundargerð fjallskilanefndar er tekin til sér afgreiðslu.
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og formanni fjallskilanefndar að leita eftir lögfærðialiti á lögmæti á bókun fjallskilanefndar.

Aðrir liðir eru samþykktir samhljóða.
6. **1308003F - Skólanevnd Tálknafjarðarhrepps - 79**
Fundargerðin er staðfest.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skólanefndar og vill þakka Margréti Pálu fyrir gott samstarf og býður Helgu Birnu velkomna til starfa.
Samþykkt samhljóða.

7. 1309005 - Eignaskiptayfirlýsing vegna Strandgötu 38 á Tálknafirði

Sveitarstjóri skýrði frá málinu og samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að afgreiða málið.
Samþykkt samhljóða.

8. 1309002 - Sameining sveitarfélaga, erindi dags. 22.07.2013

Sveitarstjórn þakkar bréfitara fyrir erindið. Þar eru talin þau margvíslegu samstarfsverkefni sem unnin eru hjá sveitarfélögunum og hafa verið að þróast jafnt og þétt. Samstarfið við Vesturbyggð hefur, eins og önnur samstarfsverkefni sem Tálknafjarðarhreppur er þátttakandi í gengið vel og ekki er óþekkt að sveitarfélög eiga með sér samstarf á sem breiðustum grunni, bæði til að lágmarka kostnað, efla þjónustu og til að geta tekið að sér stærri verkefni íbúum til heilla. Samstarf er bæði hjá stórum sveitarfélögum jafnt sem þeim minni. Sveitarstjórn vill þó taka fram að nálgun Vesturbyggðar á sameiningu sé í hæsta máta óeðlileg. Bæjarráð Vesturbyggðar byrjar umræðuna með bókun og ósk um sameiningu þegar sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps er í sumarfrí og kemur ekki til starfa með formlegum hætti fyrr en 11. september, nærri tveimur mánuðum eftir að bókun bæjarráðs fer í umræðu. Bókun bæjarráðs Vesturbyggðar fer svo út til fjölmiðla þar sem fulltrúar Vesturbyggðar eru til viðtals og eru að tjá sig um mál sem er jafn viðkvæmt og raun ber vitni. Sveitarstjórn vill ekki með þessu útiloka aukið samstarf og jafnvel sameiningu. Því á væntanlegu íbúpingi sem haldið verður á Tálknafirði vegna vinnu við fjárhagsáætlun mun þetta mál meðal annars bera á góma og verða rætt. Það er skýlaust vilji sveitarstjórnar að sameining milli fyrst Patreksfjarðar, Bíldudals, Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps og Tálknafjarðar og síðar Vesturbyggðar og Tálknafjarðararðarhrepps, sem nú þegar hefur verið hafnað í þriggri kosningum, verði ekki þvinguð fram af kjörnum fulltrúum, heldur skal krafan koma frá íbúum á þeim vettvangi þar sem íbúar tjá sig um málefni sveitarfélagsins, s.s á íbúðapingi.

Samþykkt samhljóða.

9. 1308026 - Beiðni frá umhverfis og auðlindaráðuneytinu um athugasemdir við breytingum á bótaákvæðum skipulagslaga nr. 122/2010

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar.
Samþykkt samhljóða.

10. 1308022 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Samþykkt er að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu, RT. 2601xx-xxxx, vegna skólavistar í Hörðuvallaskóla Kópavogi. Ef um kostnað vegan sérkennslu er að ræða skal semja um hann sérstaklega.
Samþykkt samhljóða.

11. 1307061 - Þjónusta við hælisleitendur

Tálknafjarðarhreppur getur ekki tekið þátt í verkefninu að þessu sinni.
Samþykkt samhljóða.

12. 1309009 - Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.
Fundurinn lokaður.

13. 1309013 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2013.

Fundurinn opinn. Sveitarstjóra falið að ganga frá skráningu.
Samþykkt samhljóða.

14. 1309014 - Fjárhagsáætlun 2014, tímarammi.

Sveitarstjóri kynnti tímaramma við vinnslu á fjárhagsáætlun 2014.
Sveitarstjórn samþykkir framlagðan tímaramma við
fjárhagsáætlunarvinnu.
Samþykkt samhljóða.

15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir innheimtu á staðgreiðslu á fyrstu átta mánuðum ársins og eru innborganir í takt við væntingar.
Einnig var farið yfir yfirlit um launakostnað fyrir sama tíma og kemur fram að laun eru í takti við áætlun.
Breytingar haf orðið á opnunartíma skrifstofu og er opið núna frá 10.00 til 14.00 alla virka daga.
Verktakar eru að ljúka við steypu á þekju á gömlu bryggju.
Rennslismælingar hafa verið framkvæmdar á borholu inn við Poll í landi Litla Laugardals.
Enduðu mælingar á að hitastig vatnsins var stöðugt við 44,5 gráður og rennsli var rúmir 32 sekúndulítrar. Umferð á tjaldsvæði var nokkuð góð seinni hluta sumars og spilaði veðrið greinilega þar inn í. Nú er unnið að því að gera húsnæði Vindheima klárt fyrir vetrarstarf hjá eldri borgurum. Einnig er unnið að stefnumótun fyrir húsið hjá félagsmálsstjóra.
Sveitarstjóri kynnti hugmyndir að stækkun á íþróttahúsi sem eru í frumvinnslu. Einnig var farið yfir að fresta þyrfti endurnýjun á lögn í sundlaug meðan unnið er að skoðun á kostum sveitarfélagsins hvað það varðar.

16. 1309015 - Trúnaðarmál

Fært í Trúnaðarmálabók.
Fundurinn lokaður.

17. 1308030 - Þyrluflug með skíða og snjóbrettafólk

Erindi vísað til Fjórðungspings Vestfirðinga.
Samþykkt samhljóða.

18. 1309022 - Samningur um tryggingar

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning um tryggingar og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða.

19. 1309006 - Ráðstefna - Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands

Til kynningar.

20. 1308034 - Sýni af neysluvatni Tálknfirðinga 25.07.2013

Til kynningar.

21. 1308039 - Afsal fyrir fasteigninga Eyrarhús lóð 2.

Til kynningar.

22. 1308027 - Uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2013

Til kynningar.

23. 1309007 - Landsfundur Jafnréttisnefnda., erindi dags. 5. september 2013.

Til kynningar.

24. 1309008 - Stöðugreining og árangursmat

Til kynningar.

25. 1103039 - Borun vinnsluholu í landi Litla-Laugardals

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.
